



Gagnrýni á tillögum fjórðungsþing Austfirðinga og Norðlendinga um nýja stjórnarskrá 1949/1950

Bjarni Benediktsson – Gagnrýni á tillögum fjórðungsþing Austfirðinga og Norðlendinga um nýja stjórnarskrá 1949/1950 – Motto Þar er mjer úlfsins von, er jeg eyrun sje – Ópólítisk – Neitunarvald – Varðveisla sögulegra minja – Óvirðing fyrir Alþingi – Afnám – Nýsköpun – Hin fullkomnasta heimastjórn – Atkvæði eins kjósanda er ekki betra en annars

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-9, Örk 10

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gagnrýni

a

tillögum fjörðungspinga Austfirðinga og Nórðlendinga
um nýja stjórnarskrá.

Motto:

"Bar er mjer úlfisins von,
er jeg eyruhn sje".

Að því herrans ári 1945 fundu nokkrir menn þá köllun
hjá sjer, að stofna til fjörðungssambanda fyrir Norðurland
og Austurland. Voru menn þessir flestir, ef ekki allir,
úr Framsóknarflokknum og þótti sumum, sem vel að hugðu,
þetta einkennileg tilviljun.

Leituðu þeir á næðir sýslunefndanna og bæjarstjórnanna
í fjörðungunum um fjárvirk þessum fjörðungssamböndum
til framdráttar og hefir hann verið veittur. Jafnframt var
fram tekið, að þessi sambönd væru með öllu spólitisk og er
þannig komist að orði í lögum fyrir "Fjörðungssamband Norðlendinga"
i 2. gr.: "Höfuðmarkmið Sambandsins er að sameina
sýslu- og bæjarfjelög Nórðlendinga fjrðungs um menningar- og
hagsbótamálefni hans og stuðla að því, að fjelögini komi fram

sem heild út á við, bæði þegar um sameig inleg framfaramál þeirra er að ræða og einnig til stuðnings velferðamálum einstakka sýslu- og bájarfjelaga, eptir því sem við verður komið.

Sjerstaka áherzlu vill Sambandið leggja á að vinna að varðveislu sögulegra minja innan fjörðungsins og annara þeirra tengsla milli fortíðar og nútíðar, sem hverri þjóð eru nauðsynleg.⁴

Fallega af stað farið, en hjer sem optar var "Adam ekki lengi í Paradís," því strax á fyrstu ársþingunum fóru eyru hins pólitíkska úlfs að koma upp undan sauðagærunni í tillögum um að skipta Íslandi í 4 - 6 fylki hvert með sínum fílkisstjóra, þingi og stjórn eða rjettara, að setja upp 4 - 6 ríkisstjórnir í stað einnar og þessi tillaga um "stjórnskipun landsins" gleypti svo öll önnur velferðamál Sambandsins, að allt snör-ist um hana og loks kom afkvæmið fullburða út 'i tillögum þeim útgefnum á þessu ári, sem hjer skulu nokkuð gagnrýndar.

Það sem straks vekur undrun í nefndum tillögum eru þessi 6 atriði:

- I. Övirðingin fyrir Alþingi og smækjun þingræðisins.
- II. Afmáun sýslufjelaga, sýslunefnda og sýslumanna.
- III. Skerðing hins almenna kosningarjettar.
- I. Tilraunin til þess að kljúfa ríkisstjórnina.
- II. Ofurvald forseta gegn þingræði og lýðræði.
- III. Grýlan um Reykjavíkurvaldið.

1. Óvirðingin fyrir Alþingi.

Fyrir röskum 19 árum, í sólskinni íslenska hásumársins, voru saman komnir á Þingvöllum 20-30 þúsund íslendingar, konur og karlar ungar og aldnir, auk erlendra gesta og heiðursgesta til þess að halda hátfölegt 1000 ára afmæli Alþingis Íslands, elsta þjóðþingsins í heimi. Saman komnir til þessa að minnast þess og gleðjast yfir því, að það kan lögþing í stað gopnabraks, óhlutdrægur dómur í stað ójafnaðar og ofbeldis. Saman komnir til þess að minnast þess og þakka, að Alþingi hafði verið skjótl vort og skjöldur öldum saman með dómum sínum og sáttmálum gegn hinu útlenda konungsvaldi, hinum útlendu embættismönnum, útlendu fiskimönnum og einokunarkaupmönnum, sem aðeins vildu hafa auðlindir landsins að fjeðufu og mergsjúga íslenzku þjóðina.

Það var því í svipinn gleymt sem og átti að gleymast, að með konungsboði 11. júlí 1800 var Alþingi afnumið og í staðinn settur landsyfirrjettur.

Nú á að vísu ekki í "tillögnum" að afnema Alþingi, það á bara að smækka það, gera það eins áhrifalaust eins og hugsast getur. Í fyrsta lagi með því að setja við hlið þess sex fylkisþing "með allviðtaku starfssviði og valdi" og í öðru lagi að láta sömu fylkisþing skipa efri deild Alþingis 18 mönum þannig, að 12 þessara fylkiskjörnu bingmannna hafa gjörsamlegt neitunarvald á Alþingi, sbr. á bls. 19 í "tillögnum" þar sem segir svo: "Gert er enn fremur ráð fyrir því, að frumvarp, sem samp. hefir verið í annari þingdeild, en

fellt í hinni, verði afgreitt í sameinuðu þingi, nema fellt hafi verið með $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða í annari hvorri þingdeild".

Pó neðri deild öll, sem er málstofa hinna þjóðkjörnu þingmanna, sje sammála um lagafrumvarp, getur samt sem áður $\frac{2}{3}$ hl. hinna fylkiskjörnu þingmanna, eða 12 saman, drepið eða fellt frumvarpið. Hvernig líst ykkur á landar góðir? Getið þið hugsað ykkur meira afturhald, meira einræði í þingdeild? En hafið þið svo athugað kostnaðinn við fylkisþingin? Sagt er, að þau skuli skipuð hvert um sig 15 fulltrúum, sem megi þó fjarlaga um helming eða upp í 30.

Nú er það reynsla annara þjóða sem svona ríma tölu hafa sett f. þingmenn, að mjög fljótt, ef ekki strax, ræður hæsta talan, því allir vilja komast á þing og ekki erum við íslendingar nein undantekning um löngun til þingsetu, nema síður sjé. Tala þessara fylkisþingmanna verður von bráðar 180 og tala Alþingismanna 48 eða samtals 228 þingmenn fyrir þjóð sem er tæpar 140 þúsundir manna. Nú mun kostnaður við Alþingishaldin verá um þrjár milliónir króna og óhætt að gera ráð fyrir því, að kostnaður við hvert fylkisþing verði a.m.k. $\frac{1}{3}$ þessarar upphæðar eða samtals 6 milliónir. Kostnaður ríkisins í þinghöld þá a.m.k. 9-10 milliónir króna á ári. Mjer er spurn? Hver vill borga brússann?

| X Peir sem "tillögurnar" söndu, vísa m.a. til Englands sem fyrirmund, en jeg leyfi mjer að staðhæfa, að hver sá Englendingur sem leyfði sjer að koma fram með tillögu um að skerða vald og virðingu enska þingsins - Parlamentsins -,

yrði tæpast tal inn með öllum mjalla, svo rótgróðið er þingræðið hjá þessari mestu þingræðisþjóð heimsins. Í þessu sambandi skal þess getið, að enska þjóðin hefir enga stjórnarskrá sem slíka. Hún byggir þingræði sitt og lýðræði á þingreglum og lögvenju (Common law), en hyrningardeinarnir eru gamlar og traustir svo sem "Magna Carta" (Frelsisskráim) minkla) frá 1215, "Petition of Rights" frá 1628 og "Habeas corpus Act" frá 1679, sem hjer gefst ekki tóm til að skýra nánar.

Vil jeg þó í þessu sambandi nefna tvö dæmi, er sýna, hversu snemma og hversu hátt Englendingar hjeldu þing sitt í heiðri og þá sjers taklega neðri málstofuna. Þegar Karl I. Englandskonungur rjeðist með vopnað fylgdarlið inn í þingsalinn árið 1642 til þess að handtaka þá þingmennina 5, sem hann taldi sjer mest mótsnúna og bað forseta neðri málstofunnar að afhenda sjer þá, svaraði forsetinn konunginum með þessum frægu orðum, sem talin eru sígilt tákni um virðuleika Parlamentsins gegn ofbeldinu: "Herra, hjer hefi jeg hvorki augu til að sjá nje tungu til að mæla, nema neðri málstofan, en jeg er hennar þjónn, skipi mjer það. Jeg bið yðar háttign auðmjúklegast að fyrirgefa mjer, að jeg get ekki svarað kröfum yðar á annan hátt." Og þegar Cromwell kemur í ríkisráðið enska eptir að hann er búinn að rjúfa þingið og spyr hvort ríkisráðinu sje þetta ekki kunnugt og hversvegna það starfi áfram, svarar Bradshaw dómsforseti honum á þessa leið, en hann hafði þá forseti í ríkisráðinu: "Við vitum það sem þjer í dag hafið gert í neðri málstofunni og senn mun England allt frjetta þetta. En

yður skjátlæst ef þjer haldið, að Parlamentið sje rofið, því enginn máttur hjer á jörðu getur rofið það nema vilji þess sjálfss. Munið það!"

Með samskonar virðingu og Englendingar líta á sitt Parliament eigin við Íslendingar að líta á okkar Alþingi. Alþingi sem stofnun er ekkert ábóttavant, sje einhverju um að kenna, er það hjá alþingismönnunum, en þjórin öll velur sína fulltrúa og hennar er skyldan að vanda til valsins.

2. Afnám sýslufjelaga, sýslunefnda og sýslumanna.

Skipting Íslands í sýslur er gömul þjóðleg niðurröðun hjeraða og eru sýslurnar 23, einni fleiri en Kantónurnar í Sviss, en svo heitir hjeraðsskiptingin þar í landi.

Sömuleiðis eru sýslumannsembættin algerlega innlend, en sýslumenn tóku við af goðunum. Aptur á móti voru embætti höfðsmanna og amtmanna af útlendum uppruna.

Voru þeir lengi vel aðeins fulltrúar hins útlenda konungs og áttu m.a. að sjá svo um, að hann missti engan spón ór sínum íslenska aski. Á þessu var þó gerð allmikil breyting til batnaðar í þjóðlega átt með "Tilskipun um sveitastjórn á Íslandi", 4. maí 1872, og segir þar stutt og laggott í 1.gr. tilskipunarinnar: "Stjórn sveitarmálefna í sveitum Íslands skal falin á hendur hreppsnefnd í hverjum hreppi, sýslunefnd í sýslu hverri, og amtráði í hverju amti". Var þetta gert eftir ítrekuðum tilmælum Alþingis og með þessu fengin hin fullkomnasta heimastjórn í öllum sveita- og hjeraðsmálum íslensku þjóðarinnar. Stöðuminnar vegna hef i jeg setið í allmögum

nefndum, en engar nefndir hafa mjer alla tīð verið eins ~~hug~~ hugþekkar og ágætar til samstarfs eins og sýslunefndirnar og gefur þetta að skilja. Þarna er valinn maður í hverju rúmi, maður eða menn sem ekki einasta eru kunnugir hreppsmálum sín- um heldur og málefnum alls hjeradsins eða sýslunnar og kosta, því kapps um að vinna saman sýslufjelaginu til gagns og sóma. Slík samvinna væri óhugsandi með fylkjaskipun, þar sem t.d. Húnvetningar ættu að vela um mál Þingeyinga og Þingeyingar að hlutast til um mál Eyfiröinga eða Akureyrarkaupstaðar. Liggur þetta hverjum glöggum manni svo í augum uppi, að óparfi er að leiða frekari rök að þessum mál i. Þegar jeg las "til-lögurnar" spurði jeg þann mann úr hópi tillöguhöf undanna sem í seinni tīð hefur haft sig einna mest í frammi, að túlka á-gæti þeirra, hvort ekki væri með fylkjaskipuninni meint, að leggjá niður sýslunefndirnar. Svar hans, sem jeg setti sjer-staklega á mig, táknaði bæði fyrir hann og samherja hans um "tillögurnar" var svona: "Það stendur hvergi berum orðum".

Nú kann jeg stundum að lesa milli líðanna einnig það, sem ekki stendur "berum orðum" og það kunna fleiri.

Hinsvegar sögðu þeir mjer það "berum orðum" bæði Jón hreppstjóri Guðmundsson og alþingismaður Jónas Rafnar, að á fjórðungsþinginu á Akureyri 1948 hefði einmitt verið á það drepið að leggja niður sýslunefndirnar, en jeg hefi ástæðu til að ætla að um þetta atriði hafi ekki verið haft mjög hátt. Hitt er svo káldhæðni örlaganna, að fje er örlátlega veitt úr hlutaðeigandi sýslusjóðum, svo fjórðungsþingsmennirnir geta slátrað sýslunefndarmönnunum. Ekk i vantar brjós theilindin í

pessa fjörðungsfursta.

Um niðurskurðinn á sýslumönnunum skal jeg fátt segja annað en það, að jeg tel viðst, að þjóðin leyfi hann ekki, því einmitt starf þessara embættismanna er orðið svo nátengt alþyðunni í dreifbýlinu og hefir verið svo vel þegið og metið af henni frá fyrstu tíð.

3 Skerðing hins almenna kosningarjettar.

Í "tillögnum" er haldið fram einmenningskjördænum með meiri hluta kosningu, einmitt því kosningafyrirkomulagi, sem flestallar lýðræðisþjóðir eru hættar við og sem sett hafa hinu sterkasta gagnrýni hjá flestum þjóðrjettarfræðingum, ríkisrjettar- og lögfræðingum sem um þessi mál hafa fjallað. Því miður ríkir þetta kjördæmafyrirkomulag að mestu leyti hjá okkur ennþá, en alþyðan, sem ávalt fer sjer hægt en bitandi, þegar augun opnast, er nú óðum að átta sig á dýrmati kosningarjettarins og hættunni sem stafar af skerðingu hans með meiri hluta kosningum, sem hafa minni hlutann að engu.

Það var Indriði Einarsson rithöfundur sem fyrstur manna árið 1880 gagnrýndi kosningafyrirkomulagið og kjördæmaskipunina eins og hún var ákveðin 1877, en það ástand var mjög svipað því sem í "tillögnum" fels.

Miklu harðvítugra gagnrýni fær kjördæmaskipunin þó í fyrirlestri Páls amtmanns Briems, sem birtur er í Eimreiðinni VI. ár 1900 bls. 1. Því miður er ekki fárt að prenta fyrirlestur pessa gagnmerka lögfræðings og stjórnálmanns upp hjer allan, en nokkur helstu atriðin skulu tilfærð. Meginreglan

segir hann að sje þessi í kosningum: "Atkvæði sjerhvers kjósanda á að hafa fullt gildi í hlutfalli við önnur atkvæði, eigi aðeins að því er snertir bann mann, er hann vill kjósa, heldur og bann flokk, er hann fylgir að málum."

"Atkvæði eins kjósanda er ekki betra en annars"

Enn segir hann: "Með kjördæmask if tingunni fylgir meiri hluta kosning. Öllum atkvæðum minni hlutans er vægðarlaust varpað fyrir borð og ekkert tillit tekið til þeirra. Þetta er að voru álití ekki rjett og það hefur hinar mestu og jeg vil bæta við hinar verstu afleiðingar.

Fyrst og fremst hefur þetta mjög illar afleiðingar að því er snertir kjósendurna. Það gjörir þá sljóva og áhuga lausa á velferðamálum þjóðarinnar. Ef kjósandi er í eindregnum meiri hluta þá hugsar hann sem svo: "Jeg þarf ekki að greiða atkvæði, minn flokkur sigrar samt". Svo situr hann heima. Hinn, sem er í eindregnum minni hluta hugsar sem svo: "Það hefur enga þýðingu þó að jeg komi. Atkvæði mínu er kastað fyrir borð og er einskis nýtt". Svo situr hann heima. Einungis þegar tvíisýni er á, hverjir muni sigrar, vaknar dálitill áhugi. Mikið af hinum venjulegu kosningaræsingum stafar því af þeólilegum lögum.

En þó að þessi afleiðing sje ill, þá er sú afleiðing enn verri, að velferðarmál þjóðarinnar verða eigi rannsökuð og rædd svo sem skyldi. Meirihlutinn sigrar algjörlega en minni hlutinn hefur engan talsmann. Jeg skal ekki neita því, að ranglætið jafnast nokkuð á milli stóru flokkanna, en hvernig

fer um smáu flokkana? Hvar eru atkvæði þeirra sem heimta meira siðgæði og rjettlæti í landsmálum? Jeg efast um að þeirra sje fyrst að leita í þingsölunum, því hinarr hau rjettlætiskröfur eiga ekkert skjöl undir kosningalögnum. En aftur breiða þau sinn væng yfir miðlungsmenn, yfir þa sem ávalt elta meiri hlutann, sem hafa enga sannfaringu, en tala eftir því sem þeir ímynda sjer að fjöldinn vilji heyra! Amtmaðurinn vitnar í orð frakkneska stjórnvitringsins Mirabeau, er sagði svo 1789: "Fulltrúapingin eru fyrir þjóðina alveg hið sama sem landsuppdrátturinn er fyrir landið; í stóru sem smáu eiga þessar ímyndir að sýna sömu hlutföll sem frummyndirnar". Svo bætir hann við frá eigin brjósti: "Detta ætti að vera svo, en er ekki svo og allra sízt þar sem eiga sjer stað venju-legar meiri hluta kosningar í kjördæmunum.

• Þjóðirnar hafa gleymt því, að föðurlandið er eitt og óskift. Kjördæmaskifting og meiri hlutakosningar eru í eðli sínu óhafandi. Fulltrúapingin eiga að vera hið sama fyrir þjóðina sem landsuppdrátturinn er fyrir landið."

Um hlutfallskosningar segir amtmaðurinn: "Hlutfalls-kosningar hafa mikla kosti fram yfir venjulegar meiri hluta-kosningar, en samt virðast mjer þær ekki fullnægjandi!"

Hann vill til viðbótar þeim uppbótarþingsætti.

Samkvæmt því sem að framan er tekið úr fyrirlestri amtmannsins er ljóst, að Páll Briem er fyrsti uppástungumaðurinn að því, að gera allt landið að einu kjördæmi með hlutfallskosningum.

Árið 1903 var stjórnarskrárbreyting gerð og þingmönnum fjölgað úr 30 í 34. Hnigu allar umræður í Alþingi þá að því, að þessi breyting sje aðeins til braðabýrgða, en gjörð sje gangskör að því, að taka kjördæmaskipunina til endurskáiðunar og gagngerðra breytinga. Þá fyrst fara að heyrast raddir á sjálfu Alþingi um almennan jafnan kosningarjett og rjettlaða kjördæmaskipun, en því miður hafa þetta orðið að heita með orðin tóm fram á pennan dag.

Ekki var þó hægt um að kenna vanrækslu eða seinlasti þáverandi stjórnar, því þegar á þingi 1905 flutti ráðherrann, Hannes Hafstein, frumvarp um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis. Í því frumvarpi er lagt til, að gagngerðar breytingar verði gerðar á kjördæmaskipun og kosningatilhögun. Lagt er til að landinu verði skipt í 7 kjördæmi, er kjósi hvert 4 - 6 þingmenn eptir íbúafjölda. Í öllum kjördæmunum skyldi kos ið eptir reglum hlutfallskosninga. Frv. var vísað til nefndar og fjekk vinsamlegar undirtektir, en dagaði uppi á þinginu. Frv. var aptur lagt óbreytt fyrir Alþingi 1907. Urðu þá um það miklar umræður, en svo fór, að það fjell við 3. umr. í neðri deild með eins atkvæðis mun (12:11), illu heilli.

Það sem aðallega vakir fyrir þeim sem "tillögurnar" hafa samið á fjörðungsþingunum er, að fá aptur tekið upp í hinni væntanlegu stjórnarskrá Íslands það bann gegn hlutfallskosningum á fulltrúum til Alþingis, sem var í hinni gömlu stjórnarskrá frá 1920.

Eptir að Jón Þorláksson ráðherra hefir í hinni fróðlegu ritgerð sinni frá 1932 "þjóðfjelagsvaldið nú á tínum" talið upp 19 ríki Norðurálfu þar sem hlutfallskosningar til löggjafarþingsins eru lögleiddar hjá 17 þeirra, - ekki enn í Englandi og Frakklandi-, og ákvæðið um hlutfallskosningar beinlinis tekið upp í stjórnskipulög 14 þessara ríkja, kemst hann svo að orði: "Í engri stjórnarskrá innan þessara 19 ríkja finnst neitt ákvæði, sem bannar hlutfallskosningar á fulltrúab pinginu eða nokrum hluta þess, eða fyrirskipar þar aðra kosningaraðferð. Núgildandi stjórnarskrá 'Islands er ein um slík ákvæði, þar sem hún bannar hlutfallskosningar á miklu meiri hluta alþingismanna!"

Breyting sú á stjórnarskrá Islands, sem samb. var við 2. umr. í efri deild Alþingis á vetrarþinginu 1931, fór í þessu efni ekki lengra en það, að nema burt ákvæði, (þ.e. bannið gegn hlutfallskosningum), sem er til hindrunar rjettri skipun þingsins og er eins dæmi í stjórnarskránum lýðræðisríkja í Norðurálfu og líklega þó leitað sje um allan heim."

Það er þessi draugur sem nú á með "tillögunum" að vekja upp aptur og senda íslenskum kjósendum undir því falska yfirvarpi, að það tryggi keim betri aðstöðu í kosningabarátt- penn unni. Svona er samviskulaust að segja kjósendum og beinlinis ósatt, því í öllum einmennings kjördænum með meiri hlutakosningu verða þeir kjósendur áhrifalausir, sem ekki standa í fjölmennasta flokkinum innan þess kjördæmis. Þeirra, er hafa frambjóðendur þar í kjöri.

Við kosninguna 1931 er talið upplýst, að rjett við 1/3 hluti þeirra kjósenda, er atkvæði greiddu utan Reykjavíkur, hafi glatað alveg atkvæði sínu á pennan hátt.

Best er að láta í þessu sambandi tölurnar tala og skulum við þá líta á niðurstöður við alþingiskosningarnar 1931 og í október s.l.. Eptir kosningar 1931 var niðurstaðan þessi:

Alþýðuflokkur	hafði	4	þingmenn	en	átti	tilkall	til	7.
Framsóknarflokkur	"	23	-	-	"	"	"	15.
Kommunistaflokkur	"	engan	þingmann	"	"	"	"	1.
Sjálfstæðisflokkur	"	15	þingmenn	"	"	"	"	19.

Eptir nýafstaðnar alþingiskosningar hefir Framsóknarflokkurinn fengið langfesta þingmenn í hlutfalli við atkvæðamagn sitt, eða einn þingmann á hver 1039 atkvæði. Að baki hverjum þingmanni Sjálfstæðisfloksins standa 1502 atkvæði, Sósialistafloksins 1564 og Alþýðufloksins 1705.

Svona er ójöfnuðurinn enn, þrátt fyrir nokkra lagfæringu 1942, en nú skal með "tillögnum" aptur síga í gamla farið og gera illt verra.

Þá er vitnað ~~xix~~ í kjördæmamál Frakklands og Bretland eins og þar sje fyrirmynndir sökum þess, að enn eru í löndum þessum einmenningskjördæmi og ekki hlutfallskosningar.

Frakkland. Þar munu ekki vera til nein samstæð stjórnskipulög heldur þrenn lög frá 1875 um stjórnskipunina og svo kafli inn um mannrjettindi og borgaraleg rjettindi frá 1791. Kosningatilhögunin í Frakklandi er stöðugt deilumál og enn standa yfir deilur um hlutfallskosningar, en kosningarjett

munu konur í Frakklandi hafa fengið nú fyrir skömmu, en stjórnarkreppur eru þar að heita mæ daglegt fyrirbrigði, svo ekki virðist stjórnarfari þessa lands til fyrirmynadar.

Bretland. Um kjördæmamálið í Bretlandi ritaði jeg grein 2. apríl 1933 í lesbók Morgunblaðsins og vísa til hennar, en hjer skal aðeins stigið á stærstu steinana.

Árið 1830 var baráfta hafin til þess, að rýmka kosningarjettinn til neðri málstofunnar og fá hann í hendur hinum borgaralegu flokkum. Unnu Wiggars glæsilegan kosningasigur, en efri málstofan vildi í engu slaka til og stóð kosningadeila þessi í tvö ár uns konungur neyddist til þess að veita neðri málstofunni lið og voru kosningalögin samþykkt 7. júní 1832.

Forrjettinda-umboð voru tekin af 111 þingmönnum og 30 smáþorpum og þessi 143 þingsæti úthlutuð til stórbæjanna, fylkjanna, Skotlands og Írlands. Tala kjósenda jókst í sjálfu Englandi í fylkjunum úr 250 þúsundum í 370 þúsund, í bæjunum úr 190 þúsundum í 290 þúsund.

Árið 1866 lagði Gladstone fyrir enska þingið frumvarp til laga um að veita 400 þús. mönnum kosningarjett til þings. Þingmenn feldu frumvarpið, en Gladstone spáði því sigurs áður en langt um liði og reyndist sannspár. Landsmenn voru frumvarpinu svo fylgjandi, að íhaldsstjórnin, sem kom í stað ráðuneytis Gladstones, lagði ári síðar fram frumvarp um sama efni og gekk feti framar en Gladstone. Árið 1884 fjekk hann því til leiðarkomið, að verkamenn í sveit og smábændur öðluðust kosningarjett til enska þjóðþingsins og jókst með

Þeim lögum tala kjósenda um 2 milliónir. 1918 var tala þingmanna í Stórabretlandi ákveðin einn fyrir hverja 70 þúsund íbúa og náðist þá og samkomulag um alm. kosningarjett fyrir hvern karlmann 21 árs og hverja konu sem er þritug. Lögin um kjördæmaskipun voru endurskoðuð 1928 og breytt í rjettlátara horf, en þó er nú ekki jafnrjettið meira en svo, að þegar kosningunum lauk til neðri málstofunnar 1931 í nóvember, voru að baki hvers stjórnarandsþæðings 130 þúsund greidd atkvæði, en að baki stuðningsmanna stjórnarinnar tæp 30 þúsund. Hvorki Bretland nje Frakkland tel jeg til fyrirmynadar, samkv. framanskraðu, um kjördæmaskipun og alm. jafnan kosningarjett, nema síður sje, og að athuguðu mál i munu flestir íslenskir kjósendur vera mjær sammála.

I Tilraun til þess að kljúfa ríkisstjórnina.

"Tilliögurnar" segja, að landinu skuli skipt í 6 fylki. "Hvert fylki verði stjórnarfarsleg heild með allviðtæku starfssviði og valdi í ýmsum málum". Þessi orð verða ekki öðruvísi skilin, en að settar skuli upp 6 fylkisstjórnir hver með sínun fylkisstjóra, fylkisstjórnarráði o.s.frv., eða í stuttu máfi, að í stað þess að kosta kapps um að sameina ríkisstjórnina sem mest í eitt kerfi og á einum stað, einsog nú er gert með stjórnarráði Íslands, er lagt til að sundra stjórnarstarfinu, sundra stjórnarkerfinu og þá um leið þjóðinni.

Von er að tillögumönnunum hafi dottið Sturlungaöldin í hug þegar þeir voru með þessar fáranlegu tillögur. Þeim er best svarað með eigin orðum þessara fjórðungsfursta, sem

eru að finna á bls. 22 í margnefndum "tillögum", en þar stendur orðrjett: "Stjórnmálaástand sem hjer er lýst, er vit-anlega hættulegt og mjög óheppilegt fyrir þjóðina". Orð að sönnu. Hvað er óheppilegra fyrir okkar fámennum þjóð en að kljúfa hana sundur í smáa búta, í stað þess að þjappa þjóðar-heild inni sem mest saman, gera hana sem mest og bezt sam-stilta, samhuga og samvinnandi. Kostnaður við þessar fylkis-stjórnir virðist, fljótt á litið, hljóta að verða allmikill og skriffinskan, sem nóg er fyrir, á sýnilega ekki að minka, þegar bætast 6 fylkisskjórnarráðsstofur við þær sem þegar eru fyrir. Annars er allt um þessi fylki svo fjarstætt okkar stjórnarfari bæði að fornu og nýju, að það er í raun rjettri að glíma við skuggann eða þreifa í þokuna, að fást við þau eins og frá þeim er gengið af höfundanna hálfu. Mjær finst þeim þannig fylkt, að hugmyndin hljóti að bíða ósigur.

Ofurvald forsetans.

Sömu mennirnir sem leggja það til, að settar sjéu 6 rík-
arstofur isskjórnir á stofn fara og þess á leit, að jafnframt sjé vald forseta Íslands stórum aukið. Það liggur við að manni detti í hug hrútasyning þar sem bekrarnir renna hver á annan, þegar fyrir mann eru bornar fram svona gagnstæðar tillögur, sem í eðli sínu stangast á. Og manni verður á að spyrja, hvernig er valdaskiptingin milli forsetans og fylkisskjórnanna? Ber að skoða þá nokkur skonar undir forseta hvern í sínu fylki, eða sam-starfsmenn hans um beitingu framkvæmdarvaldsins?

Í upphafi "tillaganna" segir: "Ríkisvaldið er hjá þjóðinni"

Petta hljómar vel, en hvernig er það svo í framkvæmdinni þegar nánar er að gátt? Fulltrúi þjóðarinnar er fyrst og fremst **XI** þjóðþingið eða Alþingi. Hjer að framan er búið að sýna fram á, að eins og tillöguhöf undarnir hafa hugsað sjer skipun efri deildar geta **12** fylkiskjörnir menn beitt neitunarvaldi gegn hinum þjóðkjörnu þingmönnum. **Mbl II (III) sk. 19-**

En petta þykir ekki nægilegt til þess að smækka Alþingi, heldur á og að veita forsetanum bæði stöðvunarvald og neitunarvald gegn Alþingi og það í viðbót, að í lyðfrjálsu landi, en svo á vist Ísland að heita, þá er forsetanum fengið valdið og rjetturinn til þess að mynda eða skipa ríkisstjórnina og það jafnvel þvertofan í vilja Alþingis. Þingræðið er burkað út og vald forseta - eins manns - sett í staðinn. Og svo er sagt, að ríkisvaldið sje hjá þjóðinni og þessu á þjóðin að trúa.

Alþingi er aðeins heimilt, "að samþykkja rökstudda til-lögu um vantraust á ríkisstjórn forseta". Gjör ist Alþingi svo djarft, skulu fara fram bæði alþingiskosningar og forsetakosning, en um kostnaðinn við petta hvorttveggja virðist ekkert hugsað. En það er líka annað í þessu sem ekki virðist vandlega yfirvegað og það er sú klípa, sem þjóðin með þessu er sett í, ef hún bæði treystir fulltrúum sínum á Alþingi og hefir mætur á forsetanum.

Hver þessara aðila á nú að verða fyrir valinu? Eða, ef bæðir eru endurkjörnir, hvað skeður þá? Ja, þá á vist Alþingi að burðast með ríkisstjórn sem hún hefir samp. vantraust á, í tvö ár. Hvernig halda menn að svona stjórnarfari muni gefast?

Og hvernig halda menn að fari, þegar forsetinn á að fara að leggja fjárlagafrumværp fyrir Alþingi, og þannig taka að sjer bæði starf fjármálaraðherra og fjárveitingarnefndar? Jeg held að best sjé, að leysa Alþingi upp eins og gert var árið 1800 og setja einveldi í staðinn, ef nokkuð á annað borð að gera með "tillögurnar". Þá fær forseti bæði aukið vald og gott vald eða verður í stuttu mál i "Gottwald".

Nei." Íslenska þjóðin vill engan forseta með heitunarvaldi gegn Alþingi og því síður vill hún íslenskan "Gottwald".

Hugsum okkur að forseti, fylkisstjórar og lögreglustjórar, sem koma eiga í stað sýslumannanna, - því án ríkislögreglu er ekki hægt að stjórnna, þó ekkert sjé á hana í "tillögnum" minst, bara undirskilin, - sjeu allir úr sama flokki, sama pólitiska sauðahúsi, hvernig verður þá umhorfs hjer á landi með því valdi gegn Alþingi sem forseta og efri deild Alþingis er fengið samkvæmt "tillögnum"?

Við skulum treysta því, að til þess komi aldrei, að íslenska þjóðin og Alþingi þurf i að lúta forseta og fylkisstjóru.

Grylan um Reykjavíkurvaldið.

Þegar jeg var ytra á síðastliðnu sumri og ferðaðist um Norðurlönd, vakti það athygli mína meðal margs annars nýstárlægs sem jeg bæði sá og heyrði, hversu hrifnir Norðurlandahúar voru yfir höfuðborgum sínum undantekningarlaust. Danir á Fjörni og Jötlandi voru að vísu státnir yfir bæjunum sínum Ööinsvje og Árðsum o.s.frv., en með sýnilegu stolti nefndu þeir Kaupmannahöfn ýmis t"höfuðborgin okkar" eða "höfuðborg

Danmerkur", og sama hljóðið var í Svíum um Stokkhólm og í Norðmönnum um Oslo. Hvergi heyrðist talað með öf und eða líftilsvirðingu um nefndar höfuðborgir eða um fólk ið sem í þeim býr, allt slikt hefði sjálf sagt þótt hin mesta óhæfa og heimska.

Jeg bar í tal við nokkra danska kunningja frá Jötlandi hvort þeim þætti ekki Kaupmannahöfn orðin helst til stórr bær borinn saman við fófatölu alls landsins eða með rúm 25 0/0 allra íbúa Danmerkur, en það var öðru nár en þeim þætti að vexti höfuðborgarinnar. Töldu það frekar kost og lögðu áherzlu áspá að því glæsilegri sem höfuðborgin væri og hagur hennar betri, þeim mun meiri og betri væri vegur alls landsins.

Hvernig er svo litið á Reykjavík hjer heima?

Sjaldan eða aldrei er hún nefnd höfuðborg og þá síður en svo að miklast sje yfir. Er það að vonum, því einn stjórnmálflokkur hjer á landi hefir mikið til byggt upp fylgi sitt í dreifibýlinu með því að niða niður höfuðborgina og íbúa hennar, uppnefna hvorutveggja og telja sveitafólk inu trú um að barna byggji í raun og veru aðeins "Grimsbylýður". Reykjavík væri "gullgrafarabær" þar sem flestir heildsalarnir væru í raun rjettri misindismenn, sem "græfu gullið" ekki úr jörðu, heldur úr vösum næungans með svikum og braski, ekki síst úr vösum þeirra sem í dreifibýlinu lifðu, kaupmenn og útgerðarmenn væru lítið betri, alþýðan fáfröð og æskulýðurinn gjörspiltur. Sukkið í bæjarskjórnarmálum svo mikið, að t.d. 20 milliðnum króna hefði verið eytt í að gera við lítinn götustúf á Grenimel: o.s.frv. Á svona "plötur" hefi jeg orðið að hlusta á frambóðfundum í Suður-Pingeyjarsýslu og þær settar á kosningagramm ó-

inn fórn af mönnum sem hversdagslega eru góðir menn og gegnir, en við kosningar svo "uppagiteraðir" af flokki sínum og blöðum gegn Reykjavík, sem þá er "gullgrafarabærinn" og fbúum höfuðstaðarins, sem þá eru orðir "grimsbylýður", að þeir vita bókstaflega ekki hvað þeir segja, flytja skammirnar og aðröttanirnar með þeim fjálgleik og krafti sefjunarinnar, að bæði þeir og mikill hluti kjósenda trúir í svipinn þessum áburði og lætur blekkjast.

Vitanlega er mörgu ábótavant og fer margt í súg inn í annari eins stórborg og Reykjavík er, en ef með sanngirni yrði saman jafnað kostum og löstum þessarar höfuðborgar, er jeg þess fullviss, að kostirnir eru miklu meiri og sje Reykjavík borin saman við höfuðborgir hinna Norðurlandanna, mun það koma í ljós, að við þurfum ekki að skammast okkar og getum borið höfuðið hátt.

Í Reykjavík eru glæsilegustu menntastofnanir okkar, ómet-anleg bókasöfn, bestu spítalarnir, hæstirjettur, stjórnarráðið, bankarnir, stærsti og fallegasti togaraflotinn í Norðurálfu að tiltölu við fbúa o.s.frv., óvenju dugleg sjómannastjett, alþýða sem hvergi gerir sjer til minkunar, auk alls menntafélks-ins, verzlunartjettarinnar, iðnaðarmanna, listamanna o.s.frv..

Hversvegna vildi Jón Sigurðsson láta flytja Alþingi til Reykjavíkur? Hann sá í anda vöxt og viðgang höfuðborgarinnar.

Hversvegna sækjast þeir menn helst eftir því að komast til Reykjavíkur, sem úthuða borginni mest? Skyldi það vera af því að "þangað vill klárinna þar sem hann er kvaldastur"? Nei, ónei, fyrir þessum lýðskrumurum er Reykjavík hið þráða Paradís.

Hvar og hvernig væri dreifbýlið íslenska statt, já öll íslenska þjórin, utan höfuðborgarinnar, ef hún allt í einum hyrfi eða yrði afmáð? Svarið er stutt og laggott. Pá væri Ísland og íslenskt þjóðerni búið að vera.

Gjörið ykkur petta ljóst góðir hálsar, sem sight og heilagt eruð að hræða fólkis í dreifbýlinu á Reykjavík og hættið svo að fáraast yfir vexti og viðgangi höfuðborgarinnar.

Eitt atriði er þessu málum skylt, og það er fólkstraumurinn úr sveitunum og hinum minni kauptúnum til höfuðborgarinnar, en hjer er ekki neinu "Reykjavíkurvaldi" um að kenna, þvert á móti. Það er fólkisjálf sem vill ganga þessa götu sökum þess, að því finst það fá þarna meiri atvinnu, meiri þægindi og betri kjör en það hvarf frá. Þó hægt sje að hefta hesta og binda gripi á básum, þá verður átthagaband ekki sett á íslenska alþýðu. Fólkstraumurinn til stóru kaupstaðanna, einkum höfuðstaðarins, hefir nú um langt skeið verið fyrirbæri, sem ekki hefur verið hægt að ráða við fram að þessu, en næst er mjer að halda, að nú sjeu að verða straumhvörf og benda til þess kaup fýmsra bæjarbúa á jörðum og eyðibýlum, bygging sumarbústaða víða í sveitum og vaxandi áhugi, einkum unga fólkssins, á garðrækt og skógrækt. En þessum straumhvörfum þarf að flýta og hjálpa og það verður einkum og maðske aðeins gert með því, að gera framleiðslustarfsemina eftirsóknarverðari.

Til sveita: Með því að leggja áherslu á að halda nýsköpuninni áfram, útvega bændum og búnaðarsamböndum hin nýju mikilvirkju jarðvinnslutækni sem ódýrast og sem fyrst, leggja

hið næsta kapp á ræktun landsins og leiða sem fyrst raf veitur og hitaveitur í og um sveitirnar með kjöroröinu: Ljós og hiti inn á hvert íslenskt sveitarheimili.

Til sjávar: Með því að stækka landhelgina og friða fyrir útlendum ágangi og helga okkur landgrunnið við Ísland.


Eptirmæli.

Kynni einhverjum óf finnast jeg kveða full fast að orði í framanritaðri gagnrýni minni, er því til að svara, að hjer stendur alveg sjers taklega á, þar sem hún snertir tillögur um nýja stjórnarskrá fyrir Ísland, sem jeg tel móögandi fyrir Alþingi, skerðandi hinn alm. kosningarjett á lævíslegan hátt, alandinað hatri gegn höfuðborginni, sundrandi stjórnarkerfi og stjórnarfari íslenska ríkisins; í stuttu mál i hættulegar þjóðarheildinni. Taldi jeg mjer því skylt, að láta skoðun mína á tillögunum í ljós í á þann hátt sem að framan greinir.

Hitt tel jeg ekki á mínu færi þó löglærður sje, að koma einn og ótilkvaddur fram með tillögur til eptirbreytni fyrir hina stjórnspusu stjórnarskrárnefnd, sem jeg viðurkenni, að hefir setið óhæfilega lengi á röks tólu án þess að láta til sín heyra.

Í trausti þess, að nefndin leysi starf sitt þeim mun betur af hendi, sem hún hefur setið lengur og skili frumvarpi að stjórnarskrá, sem er hvorttveggja í senn ákveðin og hiklaus í fyrirmælum, þingræðisleg og þjóleg í anda, læt jeg útrætt um stjórnarskrármálið að sinni og sje hvað setur.

Húsauð 31. okt. '49

Bjarna Benediktsson